

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 1043 — 241. mál.

Frumvarp til laga

um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.